



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 139/508
komudagur 29.11.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. nóvember 2010.

Málefni: *Umsögn um frumvarp til laga um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja. Þingskjal 269 - 238. mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011.*

Tollstjóri hefur móttækið erindi Viðskiptanefndar Alþingis, sent með tölvupósti 25. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja. 238. mál.

Markmiðið með frumvarpinu er að tryggja efnahags- og viðskiptaráðherra aðgang að upplýsingum sem honum eru nauðsynlegar til að gera úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja.

Tollstjóri gerir ekki sérstakar athugasemdir við ofangreint frumvarp en vill þó taka benda á að í 2. gr. frumvarpsins sem fjallar um upplýsingar og afhendingu þeirra er ekki getið um upplýsingar um skuldir í opinberum gjöldum sem ríkið innheimtir. Þá er ekki heldur getið um skuldir sem sveitarfélög kunna að hafa til innheimtu s.s. fasteignagjöld. Ef vilji er til þess að tiltaka skuldir í opinberum gjöldum mætti t.d. bæta þeim við í 5. tl. 1. mgr. 2. gr. þar sem fjallað er um upplýsingar frá Fjársýslu ríkisins.

Virðingarfyllst,

Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri